

Abstract

Can the methodology of Balanced Scorecard improve success of a college and help monitor whether set objectives are reached? A methodology built on strategic objectives, using targets to monitor them and initiatives to secure them? The authors asked themselves the question: „How does the methodology of Balanced Scorecard comply to the execution of a strategy for the College of Isafjordur?“

A broad team, including members of Stakeholders, was assembled for the Strategy process. Paul R. Niven’s book, *Balanced Scorecard Step-by-Step for Government and Nonprofit Agencies*, was used as a prefiguration for the institution.

One characteristic of the Balanced Scorecard is the use of non-tangible measures, for example attitude surveys of students or employees. For that reason, an attitude survey was conducted amongst students, parents and teachers, for using as a measure for objectives. Targets were set for these measures, in the hope that they will be used in the future as milestones for the journey to the Mission.

As is the nature of this process, the final results will not be available until next autumn when results from all measurements have been received and it will be clear whether the targets have been met, at the beginning of a new school year.

The approach of a broad team for the Strategy process and the professional modus operandi following such a method will yield success. It will, however, be in the hands of the school administration how much success there will be. To realize the full success that the Balanced Scorecard can bring, there is need for commitment from executives and employee access to the process. A process that never ends and is constantly evolving.

Key Words: Strategy, Mission, Vision, Balanced Scorecard.

Útdráttur

Getur aðferðafræði Samhæfðs árangursmats bætt árangur framhaldsskóla og hjálpað til að fylgjast með hvort settum markmiðum er náð?

Skýrsluhöfundar spurðu sig að því „hvernig falla aðferðir Samhæfðs árangursmats að mótun stefnu fyrir Menntaskólann á Ísafirði?“

Farið var út í stefnumótunarvinnu með teymi sem í voru aðilar frá breiðum hópi hagsmunaaðila. Við uppsetningu var notast við fyrirmynd frá Paul R. Niven og bók hans, *Balanced Scorecard Step-by-Step for Government and Nonprofit Agencies*.

Eitt af einkennum Samhæfðs árangursmats er notkun á huglægum mælikvörðum, svo sem viðhorfi nemenda eða starfsmanna. Ráðist var í viðhorfskönnun meðal kennara, nemenda og foreldra til að nota við mælingar á markmiðum. Einnig voru takmörk ákveðin fyrir mælingar, sem vonandi verða framkvæmdar í framtíðinni og notaðar sem vegsteinar á vegferð til framtíðarsýnar.

Eðli málsins samkvæmt mun endanlegur árangur af þessari vinnu ekki liggja fyrir fyrr en næsta vetur þegar niðurstaða allra mælinga liggur fyrir og ljóst hvort takmörkum hefur verið náð.

Aðkoma breiðs hóps fólks að stefnumótunarvinnunni og sú faglega skoðun sem fylgir svona vinnu mun skila sér í árangri. Það verður hinsvegar í höndum stjórnenda skólans hversu mikill árangurinn verður. Til að ná þeim árangri sem samhæft árangurmat getur gefið, þarf skuldbindingu þeirra og áframhaldandi aðkomu starfsmanna að vinnunni. Vinnu sem aldrei lýkur og þarf sífellt að vera í endurskoðun.

Lykilorð: Stefnunótun, hlutverk, framtíðarsýn, Samhæft árangurmat.